

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, lóð FSA.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að stofnanasvæði 2.52.8 S (FSA) stækkar úr 7,8 ha í 7,9 ha til suðausturs með tilsvareandi skerðingu íbúðarsvæðis 2.61.4 Íb.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. maí 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.